

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Fossvogsmýri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykktu borgarráð Reykjavíkurborgar þann 12. mars og skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 29. maí 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogsmýri vegna miðlunartjarna.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vesturberg 175.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 29. maí 2009 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3 vegna lóðarinnar að Vesturbergi 175.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Traðarland 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 18. júní 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Víkings að Traðarlandi 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Fossvogsdalur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 18. júní 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogsdal vegna göngu- og hjólastíga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Austurstræti 20 og 22/Lækjargata 2.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 2. júlí 2009 breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Pósthússtrætisreit, vegna lóðanna Austurstræti 20, 22 og Lækjargötu 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 27. júlí 2009.*

**Ólöf Örvarsdóttir.**